

Þingsályktun

um fiskveg í Efra-Sog.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja gerð fiskvegar úr Þingvallavatni í Efra-Sog í samræmi við stefnumörkun þjóðgarðs á Þingvöllum 2004–2024. Samhliða verði ráðist í endurbætur á fornum hrygningarstöðvum ísaldarurriðans í efri hluta árinna, og fyrir mynni hennar, til að stuðla að farsælli endurheimt stofnsins.

Samþykkt á Alþingi 16. maí 2014.